

Starfsáætlun - Félagsmiðstöðin Zero



Markmið og tilgangur starfseminnar

Markmið félagsmiðstöðvarinnar er að auka félagslega hæfni, þroska og jákvæða sjálfsmynd ungmenna sem fæst með virkri þátttöku í starfi félagsmiðstöðvarinnar. Félagsmiðstöðin okkar er í raun umhverfi sem ætlað er að stuðla að uppbyggilegum félagslegum samskiptum en einnig staður þar sem má sækja margskonar og fjölbreytta afþreyingu. Ungmennalýðræði er hornsteinn starfsins þar sem ungmenni móta starfið. Því er mikilvægt að starfsfólk geti skapað andrúmsloft þar sem allir eru boðnir velkomnir í félagsmiðstöðvastarfið á eigin forsendum.

Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur standa sameiginlega að rekstri félagsmiðstöðvarinnar, en hún þjónustar 8. – 10. bekk beggja sveitarfélaga. Félagsmiðstöðin er sjálfstæð rekstrareining og er óháð rekstri grunnskólanna. Þá er mikilvægt að öflugt samstarf ríki á milli félagsmiðstöðvar og skólanna með velferð ungmenna að leiðarljósi. Forsenda öflugs starfs og uppbyggingar til lengri tíma er að rekstrar- og starfsumhverfi tómstunda- og félagsstarfs barna og ungmenna sé traust, faglegt, öruggt og aðgengilegt fyrir alla.

Starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar temur sér sanngirni, þekkingu og færni til að skapa öruggt umhverfi sem börn og ungmenni sækja. Áhersla er lögð á samstarf við aðrar félagsmiðstöðvar, forvarnarstarf og gott samstarf á milli allra aðila sem koma að félags- og tómstundastarfi barna og ungmenna. Einnig er áhersla lögð á líkamlegt- og andlegt heilbrigði og því er nauðsynlegt að skapa umhverfi þar sem allir fá tækifæri á því að taka þátt í starfinu á sínum forsendum.

Mikilvægt er í öllu starfi með börnum og ungmennum að tekið sé tillit til þeirra réttinda. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur á Íslandi árið 2013. Þrátt fyrir það að ríkisvaldið beri ábyrgð á því að fylgja sáttmálanum eftir er það svo að stærsti hluti þeirrar þjónustu sem að börn sækja er á höndum sveitarfélaganna. Því hafa mörg sveitarfélög tekið þátt í verkefninu barnvænt samfélag. Barnvænt samfélag byggir á grunnþáttum sáttmálans og auðveldar okkur að huga að réttindum barna. Barnvænt samfélag skilgreinir grunnréttindi barna eftir fimm flokkum:

- Þekking á réttindum barna
- Það sem barninu er fyrir bestu
- Jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna
- Þátttaka barna í samfélaginu
- Barnvæn nálgun

Í félagsmiðstöðvarstarfi er því mikilvægt að Barnasáttmálinn sé rauður þráður í gegnum allt starfið, allt frá ákvarðanatöku er varða hagsmuni barna yfir í samskipti við börn. Með því getum við tryggt að félagsmiðstöðin okkar stuðli að barnvænu samfélagi.

Húsnæði og aðstaða

Félagsmiðstöðin Zero er opin fyrir unglinga í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Hún er til húsa í Flúðaskóla, þar sem hún hefur rými fyrir sig (aftast í Kvíadal) ásamt möguleika á að nýta Kvíadal og rými frístundar yngri barna.

Mikil áhersla er lögð á að rýmið sé bjart og opið. Með því bjóðum við upp á heilbrigt starfsumhverfi fyrir starfsfólk og ungmenni, slíkt stuðlar einnig að öryggi þeirra sem sækja starfið.

Félagsmiðstöðin á sjoppuaðstöðu á hjólum, leikjatölvur, sjónvarp, borðtennisborð, poolborð, körfuboltaspil, hljóðfæri, úrval af spilum, búnað til íþróttaiðkunnar o.fl.

Opnunartími félagsmiðstöðvarinnar

Starfstími félagsmiðstöðvarinnar Zero fylgir skóladagatali, en starfstíminn er yfirleitt frá september fram í lok maí.

Opnunartími:

- Þriðjudaga 15:00 – 18:00.
- Fimmtudaga 15:00 – 21:30.

Auk þess eru opnanir í tengslum við aðra viðburði svo sem Miðstigsgleði, böll, ferðir, nætuopnun o.fl.

Breytingar á opnunartíma eru tilkynntar á Facebook, stefnt er að því að slíkt sé tilkynnt við fyrsta tækifæri. Hvetjum við því alla til þess að gerast vinir og fylgjast vel með Facebook síðu félagsmiðstöðvarinnar.

Slóð á FB-síðu: <https://www.facebook.com/profile.php?id=100000866835051>

Skeiða- og Gnúpverjahreppur býður upp á frístundastrætó á fimmtudagskvöldum úr Árnesi og Brautarholti unglingum að kostnaðarlausu. Þeir leggja af stað kl. 18.30 og fara heim er félagsmiðstöðin lokar kl. 21:30.

Fyrirkomulag á opnunum

Á dagopnun nýta unglingar sér félagsmiðstöðina til þess að hitta jafnaldra á hlutlausum stað, til að sinna heimavinnu og sem samastað milli æfingatíma í íþróttum og tónlistarkennslu. Á dagopnunum er því afslappað andrúmsloft og mikið frjálsræði, en það veitir ekki af smá hvíld eftir langan skóladag. Félagsmiðstöðin tryggir því heilbriggt og öruggt umhverfi fyrir ungmenni til þess að efla félagsleg tengsl sín á milli.

Á kvöldopnun er yfirleitt mun meira um að vera. Þá mæta fleiri unglingar og félagsmiðstöðin er með skipulagða dagskrá. Reynt er að hafa dagskrána sem fjölbreyttasta, td. fara fram keppnir í hinum ýmsu óhefðbundum greinum, íþróttir, listir, fræðsla, stærri viðburðir o.fl.

Skipulögð dagskrá á fimmtudögum

Á fimmtudögum er oftast auglýst dagskrá og fer það eftir óskum og hugmyndum frá unglingum eða forstöðumanni Zero. Það gæti verið t.d. Twisterkeppni, litakvöld, störukeppni, borðtenniskeppni, tölvuleikjakeppni og margt fleira.

Allt gert með það í huga að efla tengsl unglingana, félagsfærni þeirra og þeim til skemmtunar.

Þáttaka ungmenna og aðgengi að ferðum á vegum Zero

Þegar félagsmiðstöðin fer í ferðir td. böll, skemmtiferð, skíðaferð, söngkeppnir o.fl. þá getur komið til þess að við höfum takmarkaðann miðafjölda. Þá fer fram skráning á rafrænu formi. Við mat á því hverjir fá aðgang að ferðum er tekið tillit til aldurs, þáttöku í starfinu, hegðun o.fl. Samfés (Landssamtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa) gera þá kröfu á félagsmiðstöðvar að starfsmenn þekki vel þá unglinga sem fá aðgang að ferðum. Mikilvægt er að gagnkvæmt traust ríki milli unglings og starfsfólks.

Því skiptir virk þáttaka miklu máli ef unglingur vill eiga möguleika á að fara í ferðir á vegum Zero. Við getum því ekki boðið unglingum með í ferðir sem við ekki þekkjum úr starfinu.

Miðstigsgleði

Miðstigsgleði er haldin fyrir nemendur 5., 6. og 7. bekk í Flúðaskóla og Þjórsárskóla einu sinni á hvorri önn. Ákveðið þema er fyrir hverja miðstigsgleði en þær verða að öðru leyti með heldur

frjálsu sniði. Síðustu ár hafa börnin frekar óskað eftir frjálsum tíma á Miðstigsgleði heldur en stífri dagskrá.

Ball

Hefð hefur skapast fyrir því hjá okkur í Zero að halda ball, yfirleitt í byrjun desember. Zero hefur sem dæmi boðið félagsmiðstöðvinni Zetor í Bláskógabyggð, Grímnes- og Grafningshreppi til okkar á jólaballið. Slíkt samstarf félagsmiðstöva hefur styrkt og eflt tengsl ungmenna í uppsveitum sem hefur haft jákvæð áhrif á starfið í heild.

SamFestingurinn

Samfestingurinn samanstendur af balli sem haldið er á föstudegi og Söngkeppni Samfés á laugardegi. Félagsmiðstöðin mætir að sjálfsögðu og fer í skemmtiferð í leiðinni. Samfestingurinn er lang stæðsta unglingasamkoma ársins hverju sinni. Frá 2001 hefur **SamFestingurinn** verið haldinn í Laugardalshöllinni þar sem aðrir staðir voru sprungnir vegna fjölda ungmenna. Síðustu ár hafa mætt um 4500 ungmenni, um 30% unglinga landsins, alls staðar að af landinu og fulltrúar 120 félagsmiðstöðva, ásamt 300-400 starfsmönnum.

Heilsueflandi Uppsveitir og forvarnarstarf

Hlutverk og starfsemi félagsmiðstöðva hefur í för með sér ákveðið forvarnarstarf. Þar sem reynt er eftir framsta megni að skapa umhverfi sem styður við heilbrigt lífni og virkni ungmenna í samfélaginu. Auk þess að stuðla að slíku starfi er okkur mikilvægt að bjóða upp á forvarnastarf í formi fyrirlestra að minnsta kosti einu sinni á starfsári, gjarnan oft. Slíkt starf myndi byggja á samstafi við Ungmennaráð, Flúðaskóla, Foreldrafélögin sem og aðra.

Slíkt samstarf í forvarnarstarfi er lykilatriði þegar kemur að árangri á sviðum forvarna. Líkt og fram kemur í sameiginlegri forvarnarstefnu Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þá er hlutverk foreldra afar mikilvægt og gegnir fjölskyldan og samfélagið allt lykilhlutverki við forvarnir. Það er því ljóst að félagsmiðstöðin gegnir mjög mikilvægu hlutverki gagnvart ungmönnum en einnig sem tengiliður milli ólíkra hópa sem allir sinna

hlutverki fyrirmynda sem hafa mikið forvarnargildi. Forvarnarstefnan leggur áherslu á tóbaks- og vímuefnalaus æsku, þar kemur hlutverk félagsmiðstöðva sterkt inn. Því þátttaka í félags- og tómstundastarfi hefur verið til þess fallinn að draga úr hættunni á að ánetjast ávana- og fíkniefnum. Því má segja að félagsmiðstöðvarstarf sé í eðli sínu forvarnarstarf.

Slíkt forvarnarstarf er einnig mikilvægur hlekkur í því að stuðla að heilsuefandi samfélagi. Hrunamannahreppur sem og Skeiða- og Gnúpverjahreppur eru virkir þátttakendur í átakinu Heilsuefandi uppsveitir. Því er mikilvægt að skapa umhverfi sem býður upp á það að ungmennum standi til boða að verða virkir þátttakendur í heilsuefandi samfélagi.

Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun: Hvar getur félagsmiðstöðin lagt sitt af mörkum?

Líkt og farið var yfir hér að ofan er eitt helsta markmið félagsmiðstöðvar að virkja ungmenni til þátttöku í samfélaginu. Því er mikilvægt að félagsmiðstöð stuðli að velgengni samfélagsins og þróun þess. Þá má líta til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun en þar eru markmið fyrir sjálfbæra þróun lögð fram til ársins 2030. Félagsmiðstöðvar geta lagt sitt af mörkum til þess að stuðla að sjálfbærri þróun. Í félagsmiðstöðinni okkar getum við lagt sérstaka áherslu á þau markmið sem skipta okkur miklu máli. Þar má nefna heilsu og vellíðan, jafnrétti kynjanna, ábyrga neyslu og framleiðslu, frið og réttlæti.

Félagsmiðstöðin Zero getur lagt sérstaka áherslu á ákveðin undirmarkmið:

- 3.5 Efldar verði forvarnir og meðferð vegna misnotkunar vímuefna, þar á meðal fíkniefna og áfengis.
- 5.1 Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staðar.
- 12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr soun.
- 12.8 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að fólk um allan heim sé upplýst og meðvitað um sjálfbæra þróun og hvernig það getur lifað í sátt við náttúruna.

- 16.1 Dregið verði verulega úr hvers kyns ofbeldi.

Þórarinn Guðni Helgason
forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Zero
zero@fludir.is eða toti@fludir.is
s. 772-9263